

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 2,33 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 20,74 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,56 á kW og greiðist vegna allt að 40 000 kWh á ári, og að auki er veittur sérstakur afsláttur vegna sömu notkunar og er hann 0,26 kr/kWh.

Orka og vatnsmagn H499

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fyrir afnot heita vatnsins vegna annars en íbúðarhúsnæðis skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 2,33 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 20,74.

Orka H498.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400 000 kWh/ári.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,51 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 13,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Vatnsmagn I480.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja hitaorku samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 108,00.

Hemill 1489.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á.

Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 2 040,00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúíð.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september – 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúíð ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 760,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 510,00.

Heimilt er Orkubú Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 2. mars 1989 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 70, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 391, 25. júlí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.